

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 288/2024

2025/EES/25/37

frá 6. desember 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og
vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1399 frá 10. nóvember 2023 um skilyrði fyrir flokkun, án prófunar, þilja og klæðninga úr gegnheilum viði með tilliti til viðbragða við bruna og um breytingu á ákvörðun 2006/213/EB⁽¹⁾.
- II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMBYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á XXI. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- Eftirfarandi er bætt við lið 2f (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/213/EB):

„, breytt með:

- **32024 R 1399**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1399 frá 10. nóvember 2023 (Stjtið. ESB L, 2024/1399, 22.5.2024).“

- Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 2f (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/213/EB):

„2fa. **32024 R 1399**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1399 frá 10. nóvember 2023 um skilyrði fyrir flokkun, án prófunar, þilja og klæðninga úr gegnheilum viði með tilliti til viðbragða við bruna og um breytingu á ákvörðun 2006/213/EB (Stjtið. ESB L, 2024/1399, 22.5.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2024/1399, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. desember 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

(¹) Stjtið. ESB L, 2024/1399, 22.5.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2024/1399/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. desember 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður